

Fimmtudaginn 3. október 1996.

Nr. 153/1996.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Sigurði Þór Sigurðssyni

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákærvalds með stefnu 23. apríl 1996. Ákærði krefst þess aðallega, að hann verði einvörðungu sakfelldur fyrir brot gegn 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en sýknaður að öðru leyti af sakargiftum. Til vara gerir ákærði þá kröfu, að hann verði einungis dæmdur fyrir brot á 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og 259. gr. almennra hegningarlaga. Í báðum tilvikum er þess krafist, að ákvörðun refsingar verði frestað eða hún dæmd svo væg sem lög frekast leyfa.

Ákærvaldið krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Þór Sigurðsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 2. apríl 1996.

Ár 1996, þriðjudaginn 2. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinsyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-251/1996: Ákærvaldið gegn Sigurði Þór Sigurðssyni, en málið var dómtekið 11. mars sl.

Málið er höfðað með tveimur ákæruskjölum, sem sameinuð hafa verið í máli þessu. Hið fyrra er dags. 23. janúar 1996, og þar er málið höfðað á hendur: „H [...] og Sigurði Þór Sigurðssyni, Dvergabakka 14, Reykjavík, kennitala 191252-5439, fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum, framin í júní og júlí 1995:

A. Ákærðu er gefið að sök að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 13. júlí brotist í félagi inn í húsnæði verslunarinnar Linsunnar að Grjótagötu 6, Reykjavík, og stolið tveimur tölvum, símsendi og gömlum peningaskáp.

B. Ákærða, Sigurði Þór, er gefið að sök:

1.

Að hafa í júlí brotist inn í íbúðarhúsið nr. 25 við Fífuríma í Reykjavík og stolið myndbandstæki, fjarstýringu, geislaspilara, gervihnattamóttakara, tveimur hátölurum, símsvara, símtæki, 75 geisladiskum, standi fyrir geislaspilara, gullhring og tveimur perlufestum, öllu samtals að verðmæti 303.500 kr.

2.

Aðfaranótt fimmtudagsins 29. júní brotist inn í bílasöluna Bílamarkaðinn, Smiðjuvegi 46 e, Kópavogi, og stolið tölvu ásamt lykklaborði, prentara, móttaldi, íþróttatösku, skjalatösku og þremur myndavélum, öllu samtals að verðmæti 305.000 kr., bifreiðinni NH-488, sem hann ók og notaði heimildarlaust, þar til lögreglan handtók hann í Reykjavík 15. júlí sama ár. Ákærða er jafnframt gefið að sök að hafa á þeim tíma ekið bifreiðinni án ökuréttar með skráningarnúmerinu MS-342.

Teljast ofangreindir þjófnaðir varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, heimildarlaus taka og notkun ákærða Sigurðar Þórs á bifreiðinni NH-488 til vara við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, notkun bifreiðarinnar undir röngum skráningarkerkjum við 157. gr. sömu laga og akstur án ökuréttar við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

Bótakrafa, er varðar ákærðu:

Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, 257.323 kr.

Bótakröfur, er varða ákærða, Sigurð Þór:

Sjóvá-Almennar hf., kt. 701288-1739, 518.845 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 30. 6. 1995 til greiðsludags,

Þorsteinn Ingimarsson, kt. 200562-7479, 310.500 kr.“

Síðari ákæra er dags. 26. febrúar 1996 á hendur „Sigurði Þór Sigurðssyni, Dvergabakka 14, Reykjavík, kt. 191252-5439, fyrir að hafa ekið bifreiðinni TM-076 fimmtudaginn 28. desember 1995, sviptur ökurétti, frá stað, sem er

skammt frá Laugarvatni í Árnassýslu, að Laugarvatni og þaðan að Borg í Grímsnesi, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Páttur H var skilinn frá málinu og dæmdur sér og dómur í því máli kveðinn upp 29. febrúar sl.

Verjandi ákærða, Sigurðar Þórs, krefst aðallega sýknu af öllum ákæruatriðum skv. ákæruskjali, dags. 23. janúar 1996, en til vara var krafist vægstu til refsingar, sem lög leyfa. Þá var krafist málsvarnarlauna að mati réttarins.

Ákæra, dags. 23. janúar 1996.

A.

Hinn 15. júlí sl. var H handtekinn utan dyra við Dvergabakka 14 hér í borg, heimili ákærða, Sigurðar Þórs. Við yfirheyrslu hjá lögreglu 16. s. m. játaði H að hafa ásamt ákærða, Sigurði Þór, staðið að innbroti í húsnæði verslunarinnar Linsunnar, Aðalstræti 6, aðfaranótt 13. júlí sl. Vísaði H lögreglunni á peningaskáp, sem stolið var í innbrotinu í Linsuna, en peningaskápurinn fannst í kofa skammt ofan við Rauðavatn. Bar H hjá lögreglu, að þýfinu úr innbrotinu í Linsuna hefði að öðru leyti verið komið fyrir á heimili ákærða, Sigurðar Þórs, en H ekkert hitt ákærða, Sigurð Þór, síðan þeir brutust inn í Linsuna, en verið á leið til ákærða, Sigurðar Þórs, er hann var handtekinn. Aðrir munir, sem ákært er út af og stolið var í húsnæði Linsunnar framangreinda nótt, fundust við húsleit á heimili ákærða, Sigurðar Þórs, 15. júlí sl.

Verður nú rakinn framburður ákærða, Sigurðar Þórs, og H fyrir dómi og hjá lögreglu, eftir því sem ástæða þykir til, og framburður vitna fyrir dómi.

Ákærði, Sigurður Þór, kom fyrir dóminn 16. febrúar og 6. og 11. mars sl. Hann neitar sök. Kvaðst hann ekki þekkja H og vísaði framburði hans á bug.

Fram kemur í gögnum málsins, að ákærði var handtekinn aðfaranótt 15. júlí sl. Bar ákærði fyrir dómnum, að kvöldið fyrir handtökuna hefðu H og S komið með hlutina úr innbrotinu í húsnæði Linsunnar á heimili sitt í Dvergabakka 14, en ákærði kvaðst hafa verið búinn að leita sér að tölvubúnaði, helst fyrir enga peninga, en ekki hafa spurt þá H og S að því, hvaðan munirnir væru komnir.

Er ákærði, Sigurður Þór, var yfirheyrður hjá lögreglu 26. október sl., vildi hann ekki tjá sig um muni þá, sem fundust á heimili hans ogættaðir eru úr innbrotinu í húsnæði Linsunnar.

Það var ekki fyrr en við yfirheyrslu fyrir dómi, að ákærði viðurkenndi, að þeir H og S hefðu komið með munina á heimili ákærða kvöldið fyrir handtöku hans. Vegna þessa var S ekki yfirheyrður hjá lögreglu í frumrannsókn málsins, en hann kom fyrir dóminn 11. mars sl. S kvaðst þekja H lítillega, hafa hitt hann á gangi í bænum, og hefðu þeir gengið saman áleiðis að Landakotskirkju, þar sem H hefði haft rauða bifreið til umráða. Hefðu þeir síðan haldið upp að Rauðhólum, í geymslupláss, þar sem H hefði sótt tölvu og fleiri muni, en hann hefði áður haft orð á því, að hann hefði yfir munum að ráða, sem hann ætlaði að selja. Þeir hefðu síðan ekið aftur í bæinn og H spurt sig að því, hvort hann vissi um einhvern, sem hefði áhuga á tölvum. S kvað ákærða, Sigurð Þór, hafa haft orð á því við sig nokkru áður, að hann hefði áhuga á að kaupa tölvu, og S þá hringt í ákærða, Sigurð Þór, og þeir H farið með munina þangað, en S kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir því, að um þýfi hefði verið að ræða.

H kom fyrir dóminn 16. febrúar sl. og kvaðst hafa hitt ákærða, Sigurð Þór, á Laugavegi aðfaranótt 13. júlí sl. Sigurður Þór hefði haft bifreið til umráða og sýnt sér áhöld, sem hann hafði meðferðis.

Hjá lögreglu lýsti H svo bifreiðinni, sem ákærði, Sigurður, hafði til umráða þessa nótt, að hún hefði verið rauð að lit og með númersspjald að framan, en ekki að aftan. Í „skotti“ bifreiðarinnar hefði verið önnur númersplata og handklæði eða teppi. Staðfesti H þennan framburð fyrir dómi.

Þeir ákærði, Sigurður Þór, hefðu síðan ekið um bæinn að finna stað til að brjótast inn á og þá ákveðið að brjótast inn í húsnæði Linsunnar. H kvaðst hafa vonast eftir því að fá peninga í sinn hlut fyrir sölu þýfisins, en hann kvað sér hafa skilist á ákærða, Sigurði Þór, að hann hefði aðgang að aðila, sem greiddi fyrir þýfið. Þýfinu hefði verið komið fyrir á heimili ákærða, Sigurðar Þórs, utan peningaskápnnum, svo sem rakið var að framan. H skoðaði ljósmyndir, teknar á heimili ákærða, Sigurðar Þórs, og þekkti þar þýfið, sem komið hafði verið fyrir á heimili ákærða, Sigurðar Þórs.

B. 1.

Misritun er í ákærinni, sem hefur verið leiðrétt, í stað Fífurima 25 á að standa Fífurima 52. Ákærði neitar sök skv. þessum ákærulið.

Svo sem rakið hefur verið, fannst mikið þýfi við húsleit á heimili ákærða 15. júlí sl. Daginn eftir, 16. júlí, lagði lögreglan hald á mikið magn þýfis á heimili systur ákærða, en hún hafði haft samband við lögreglu og sagt frá herbergi, sem ákærði hafði til umráða á heimili hennar. Systir ákærða kvað hann hafa komið með tölvubúnað á heimili sitt 2. júlí sl. Þessir munir eru úr innbrotinu, sem ákært er út af í ákæruliðum B 1 og 2. Bar systir ákærða hjá lögreglu, að ákærði hefði boðið sér tölvubúnaðinn til kaups fyrir lítið fé, en ákærði sagst hafa fengið tölvubúnað sem greiðslu upp í skuld.

Fyrir dóminum bar ákærði, að hann hefði keypt alla munina, sem fundust á heimili systur hans. Engan seljanda nafngreindi hann, en kvaðst hafa leitað að greiðslukvittunum vegna þessara kaupa, en ekki fundið. Ákærði var spurður um gervihnattamóttakarann, sem fannst á heimili hans og getið er um í ákærulið B 1, og kvaðst ákærði hafa keypt gervihnattamóttakarann af manni, sem hann kvaðst ekki muna, hver væri.

B. 2.

Hinn 15. júlí sl. handtók lögreglan í Kópavogi ákærða, þar sem hann var staddur við bensínafgreiðslu Skeljungs við Reykjanesbraut. Ákærði var þá grunaður um ýmiss konar afbrot, m. a. að aka stolinni bifreið og fleira, en bifreiðin, sem þarna var og ákærði var staddur við hliðina á skv. frumskýrslu lögreglu, er bifreið sú, sem lýst er í þessum ákærulið og hafði verið stolið frá Bílamarkaðinum við Smiðjuveg 46 e í Kópavogi aðfaranótt 29. júní sl.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan, fannst verulegt magn þýfis á heimili ákærða 15. júlí sl. og á heimili systur hans daginn eftir. Sumir munirnir, sem á var lagt hald á heimili systur ákærða, eru úr innbrotinu í húsnæði bílasölnunar Bílamarkaðarins, Smiðjuvegi 46 e í Kópavogi.

Ákærði hefur fyrir dómi og hjá lögreglu neitað sakargiftum skv. þessum ákærulið. Hann hefur borið, að munina, sem úr þessu innbroti koma, og alla munina, sem fundust á heimili systur ákærða, hafi hann keypt af mönnum, sem hann nafngreindi ekki. Honum hafi ekki tekist að finna kvittanir tengdar þessum munum. Ákærði hefur neitað því, að bifreiðin, sem var á bensínafgreiðslu Skeljungs, hafi verið á sínum vegum. Hann hafi aldrei ekið þessum bíl. Hann hafi verið staddur á bensínafgreiðslunni á kvöldgöngu sinni, en ákærði kvaðst venjulega fara í einnar til tveggja klukkustunda langa kvöldgöngu, en engan hitt á leið sinni í þetta sinn, sem hann hafi þekkt.

Meðal gagna málsins er skýrsla lögreglunnar um upplýsingar frá þeim Árna Gunnsteinssyni og Benedikt Orra Viktorssyni, sem tilkynntu um innbrotið á Smiðjuvegi 46 e. Þeir lýstu því, er þeir sáu mann, dökkan yfirlitum, 35 til 40 ára gamlan, aka brott af staðnum á Toyota-bifreið, rauðri að lit.

Benedikt Orri Viktorsson kom til lögreglunnar 11. júlí sl. til að freista þess að endurþekkja manninn, sem hann sá á vettvangi. Lagðar voru fyrir Benedikt 75 ljósmyndir úr ljósmyndasafni RLR. Benedikt tók út ljósmynd af ákærða og sagði hann mjög líklega manninn, sem hann sá við bílasölnu framangreinda nótt.

Ragnar Vignir aðstoðaryfirlöggluþjónn kom fyrir dóminn 6. þ. m. og lýsti því, er hann lagði 75 ljósmyndir fyrir Benedikt Orra, eins og lýst var að ofan, og að Benedikt Orri hefði tekið út ljósmynd af ákærða, svo sem lýst var.

Vitnið Benedikt Orri Viktorsson skiltagerðarmaður kom fyrir dóminn 11. mars sl. Hann lýsti því, er hann sá til ferða manns á vínrauðri Toyota Corolla-bifreið fyrir utan Smiðjuveg 46 e framangreinda nótt. Fyrir dómnum kvaðst Benedikt Orri þess fullviss, að ákærði væri ekki maðurinn, sem hann sá þessa nótt.

Vitnið Árni Gunnsteinsson flugvirki kom fyrir dóminn 11. mars sl. Hann kvaðst hafa verið staddur við Smiðjuveg 46 e aðfaranótt 29. júní sl. ásamt Benedikt Orra Viktorssyni. Árni kvaðst hafa séð til ferða vínrauðrar Toyota-bifreiðar, sem ekið hefði verið á ofsahraða á móti sér, og hefði sig strax grunað, að innbrot hefði verið framið. Árni þekkti ákærða ekki sem manninn, er ók bifreiðinni framangreinda nótt, en staðfesti frásögn sína hjá lögreglu þess efnis, að maðurinn hefði verið 35 til 40 ára, dökkur yfirlitum með yfirvararskegg.

Vitnið Benedikt Helgi Benediktsson rannsóknarlögreglumaður kom fyrir dóminn 6. mars sl. Hann lýsti því, er hann sá til ferða ákærða á bifreiðinni, sem stolið hafði verið, og er hann hafði samband við Kópavogslögreglu, sem handtók ákærða á bensínafgreiðslu Skeljungs við Reykjanesbraut, svo sem rakið var. Benedikt kvaðst hafa fylgst með ákærða aka inn á bensínafgreiðsluna, aka þar einn hring, og síðan hefði hann stigið út úr bifreiðinni og verið handtekinn skömmu síðar.

Vitnið Oddur Ólafsson lögreglumaður kom fyrir dóminn 11. mars sl. Hann kvað lögreglu hafa borist tilkynning um, að ákærði væri staddur á framangreindri bensínafgreiðslu. Þangað hefði strax verið haldið og ákærði þá verið staddur við bifreiðina, en gengið frá henni 2 til 3 m, er lögreglan kom á vettvang og handtók hann. Ekki hefði verið þar önnur bifreið en sú, sem í ákæru greinir. Ákærði hefði verið eini maðurinn á staðnum og vél bifreiðarinnar verið heit viðkomu. Þá hefði komið í ljós, að skráningarkerkið NH-488 hefði legið á gólfi fyrir aftan ökumannssætið.

Vitnið Sigurður Freyr Gunnlaugsson lögreglumaður kom fyrir dóminn 11. mars sl.

Sigurður Freyr bar efnislega á sama veg og vitnið Oddur Ólafsson um aðdraganda handtöku ákærða, að ákærði hefði verið einn á bensínstöðinni, vél bifreiðarinnar verið heit viðkomu, skráningarkerkið fyrir aftan ökumannssætið og að ekki væri öðrum til að dreifa, sem hefðu getað verið ökumenn.

Vísa má til þess, sem H greindi frá hjá lögreglu og staðfesti fyrir dómi, þ. e., að númerssjald hefði verið aftur í bifreiðinni, svo og það, að teppi eða handklæði hefði verið þar einnig. Þá bar H, að númer hefði einungis verið framan á bifreiðinni, en ekki að aftan.

Fram kom í rannsókn RLR á bifreiðinni, sem hér um ræðir, að hún hefði einungis verið með númersplötu að framan, MS-342, fyrir aftan öikumanssætið hefði verið númersplata með númerinu NH-488, en í farangursgeymslu m. a. verið handklæði og númersplata með númerinu NH-488.

Ákæra, dags. 26. febrúar 1996.

Ákærði bar fyrir dómnum 6. mars sl., að hann hefði ekið bifreiðinni, svo sem lýst er í ákæru. Hann kvaðst hafa orðið hræddur, er eigandi bifreiðarinnar hefði fengið aðsvif, en sá hefði tveimur til þremur mánuðum áður fengið heilablóðfall að sögn ákærða.

Vitnið Jóhann Hannes Jónsson lögreglumaður kom fyrir dóminn 11. mars sl. Jóhann Hannes lýsti því, er lögregla hafði afskipti af akstri ákærða, þegar hann var staddur nærri Menntaskólanum að Laugarvatni, og síðan, er ekið var á eftir ákærða og hann stöðvaður nærri Borg í Grímsnesi, eftir að borist höfðu upplýsingar um fjarskipti lögreglunnar þess efnis, að ákærði væri ekki með ökuréttindi. Jóhann Hannes bar, að farþegi í bifreiðinni hjá ákærða hefði samkvæmt öndunarsýni, sem tekið var, verið yfir sviptingar-mörkum og því ekki í ökuhæfu ástandi.

Vitnið Jóhann Helgason lögreglumaður kom fyrir dóminn 11. mars sl. Jóhann bar efnislega á sama veg og vitnið Jóhann Hannes um allt, er máli skiptir, og er ekki ástæða til að rekja framburð hans sérstaklega.

Vitnið Magnús Hörður Jónsson sjómaður kom fyrir dóminn 11. mars sl. Hann kvaðst hafa verið á ferð með ákærða og beðið hann að aka, þar sem Magnús Hörður kvaðst hafa fengið aðsvif, er þeir voru staddir nærri Laugarvatni. Magnús kvaðst ekki hafa verið ölvaður, er hann fékk aðsvifið, en eftir það hefði hann byrjað að drekka, þar sem hann hefði ekki átt verkjalyf, en ekkert verið hugsað út í það að stansa á Laugarvatni og leita aðstoðar.

Niðurstöður.

Ákæra, dags. 23. janúar 1996.

A.

Framburður H hefur frá upphafi verið hinn sami og hann hefur borið um hlut ákærða, Sigurðar Þórs, svo sem rakið hefur verið.

Ákærði, Sigurður Þór, hefur neitað sökum. Hjá lögreglu vildi ákærði ekki tjá sig um muni þá, sem fundust við húslleit á heimili hans. Þá greindi ákærði aldrei frá því fyrr en fyrir dómi, að S hefði komið með munina þangað ásamt H. Þessi framburður ákærða þykir ótrúverðugur sem og vitnisburður S. H lýsti m. a. bifreiðinni, sem ákærði hafði til umráða, og kemur sú lýsing hans heim og saman við rannsókn lögreglu á henni, svo

sem að því leyti, að aðeins hafi verið eitt númersspjald á bílnum, þótt H hafi ekki munað rétt, hvorum megin númerið var. Hann bar um númersspjaldið, sem geymt var aftur í bifreiðinni og fannst þar við leit lögreglu, sem og handklæðin, er þar voru, og loks um litinn á bifreiðinni.

Þegar virt er þýfið, sem fannst á heimili ákærða og hann hefur enga trúverðuga skýringu gefið á vörslum sínum á, framburður H um innbrotið og bifreiðina, sem ákærði hafði til umráða, og óstöðugur framburður ákærða, þykir dóminum sannað með hliðsjón af ofanrituðu, en gegn neitun ákærða, að ákærði hafi framið þá háttsemi, sem hér er ákært út af, og varða brotin við þau lagaákvæði, sem í ákæru greinir.

B. 1.

Munir þeir, sem ákært er út af í þessum ákærulið og fundust við leit á heimili ákærða eða systur hans, svo sem rakið hefur verið, eru: gervihnattamóttakari, fjarstýring og símtæki. Ekki er að sjá, að aðrir munir hafi fundist í fórum ákærða, sem hefur borið að hafa keypt munina, svo sem rakið var.

Dómurinn telur ekki nægilega sannað gegn neitun ákærða, að hann hafi brotist inn í Fífurima 52 og stolið þeim verðmætum, sem ákært er út af. Hins vegar telur dómurinn sannað, að ákærði hafi með vörslu þeirra muna, sem fundust í hans fórum og lýst var, gerst sekur um brot gegn 254. gr. almennra hegningarlaga, en ákærða hefur greinilega verið ljóst, að um þýfi var að ræða. Var málið flutt með hliðsjón af því, að brot ákærða kynnu að einhverju leyti að varða við það lagaákvæði, og er ákærði því sakfelldur fyrir hylmingu varðandi þá hluti, sem fundust í fórum hans, en sýknaður að öðru leyti af háttsemi skv. þessum ákærulið.

B. 2.

Mikið af þeim hlutum, sem stolið var í innbrotinu í bílasöluna framan-greinda nótt, fannst í fórum ákærða.

Benedikt Orri Viktorsson og Árni Gunnsteinsson gáfu lögreglu lýsingu á manni, sem kemur ágætlega heim og saman við útlit ákærða, og Benedikt Orri tók út ljósmynd af ákærða úr hópi 75 ljósmynda, svo sem rakið var. Lýsing þeirra á bifreiðinni, sem þeir sáu ekið hratt af vettvangi, kemur heim og saman við bifreið þá, sem ákærði var á við handtöku og H lýsti einnig, svo sem rakið hefur verið. Ákærði kom með tölvubúnaðinn á heimili systur sinnar stuttu eftir innbrotið, 2. júlí samkvæmt framburði systur ákærða hjá lögreglu. Ákærði virðist hafa greint systur sinni frá því, að hann hefði fengið tölvubúnaðinn sem greiðslu upp í skuld, en fyrir dómi kvaðst ákærði hafa keypt tölvubúnaðinn af manni, sem hann gat ekki nafngreint.

Dómurinn telur breyttan framburð Benedikts Orra fyrir dómi, er hann

kvaðst viss um, að ákærði væri ekki maðurinn, sem hann sá á vettvangi, ekki trúverðugan, og er treyst samhljóða upplýsingum, sem hann og Árni Gunnsteinsson gáfu hjá lögreglu, og skoðun Benedikts Orra á 75 ljósmyndum hjá lögreglu, svo sem rakið var.

Ákærði hefur engar trúlegar skýringar gefið á vörslum munanna, sem fundust í fórum hans og eru úr innbroti því, sem hér um ræðir.

Vitnin Benedikt H. Benediktsson, Oddur Ólafsson og Sigurður Freyr Gunnarsson hafa allir borið beint eða óbeint um akstur ákærða á bifreiðinni, sem í ákæru greinir, svo og H, og gögn málsins bera jafnframt með sér, að ákærði ók bifreiðinni með skráningarnúmerinu MS-342, en bifreiðinni var stolið frá bifreiðasölunni Bflamarkaðinum aðfaranótt 29. júní sl.

Ákærði var sviptur ökurétti ævilangt frá 17. október 1993 með dómi, upp kveðnum 17. september 1993. Ákærði stal bifreiðinni aðfaranótt 29. júní, skipti um skráningarmerki á henni og hafði hana í sínum vörslum í meira en tvær vikur. Þykir dóminum ákærði hafa með þessu slegið eign sinni á bifreiðina, svo að brotið varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga, eins og aðalkrafa ákæruvaldsins lýtur að.

Dómurinn telur samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, sannað, en gegn neitun ákærða, að hann hafi framið þá háttsemi, sem í þessum ákæru-lið greinir, og eru brot hans þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

Ákæra, dags. 26. febrúar 1996.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni, svo sem lýst er í ákæru.

Dómurinn telur ekkert það hafa komið fram í meðferð málsins, sem leyst geti ákærða undan refsíabyrgð fyrir aksturinn, en ákærði var sviptur ökurétti ævilangt, svo sem rakið var að framan.

Dómarinn telur sannað með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að hann hafi framið þá háttsemi, sem hér er ákært út af, og varðar brotið við 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Ákærði hefur frá árinu 1971 hlotið 24 refsíðoma, þar af eru tveir dómur Hæstaréttar, einn varðhaldsdómur frá Kaupmannahöfn og dómur frá Þýskalandi frá 1983, er ákærði hlaut tveggja ára og níu mánaða fangelsi fyrir fíkniefnabrot. Dómarnir, sem ákærði hefur hlotið hérlendis, eru fyrir skjalafals, þjófnað, fjársvik, fíkniefnabrot, umferðarlagabrot, áfengislagabrot og fleira. Þá hefur ákærði frá 1969 gengist undir tólf dómsáttir og eina viðurlagaákvörðun, aðallega fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöfinni og fyrir áfengislagabrot. Síðast hlaut ákærði refsíðóm 9. ágúst sl., 30 daga fangelsi fyrir umferðarlagabrot og fíkniefnabrot. Ákærði er síbrotamaður.

Vegna brota þeirra, sem ákærði er nú sakfelldur fyrir, ber að dæma hegningarauka, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga, og er við refsíákvörðun höfð hliðsjón af 77. gr. sömu laga, og jafnframt vegna sakaferils ákærða er höfð hliðsjón af 71. og 255. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða þykir samkvæmt ofanrituðu hæfilega ákvörðuð fangelsi í fimmtán mánuði.

Ákærði var úrskurðaður í gæsluvarðhald í þágu rannsóknar málsins 15. júlí sl. allt til 2. ágúst sl. Ekki liggur annað fyrir í gögnum málsins en að ákærði hafi setið allan þann tíma í gæsluvarðhaldi, þ. e. í 18 daga, og skulu þeir koma til frádráttar refsivistinni, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Skaðabótakröfur.

Skaðabótakrafa Vátryggingafélags Íslands hf. er risin af háttsemi ákærða samkvæmt A-lið ákæru. Málið var skilið í sundur, svo sem rakið var, og vegna samaðildar ákærða og H ber að vísa bótakröfunni frá dómi, sbr. 18. gr. laga nr. 91/1991.

Bótakrafa Sjóvá-Almennra hf., að fjárhæð 518.845 kr., er vegna háttsemi ákærða samkvæmt kafla B 2 í ákæru. Hluti kröfugerðarinnar, 175.817 kr., er vegna áætlaðs kostnaðar við viðgerð bifreiðarinnar NH-488. Ekkert liggur fyrir um raunverulegan viðgerðarkostnað, og er þessi hluti kröfugerðarinnar því ódómtækur.

Hinn 17. júlí sl. tók starfsmaður Sjóvá-Almennra við mestum hluta þýfis, er stolið var frá bílasölunni. Ekki verður séð af gögnum málsins, hve mikill hluti kröfugerðarinnar er vegna hluta, sem var skilað. Krafa Sjóvá-Almennra í heild er því of óljós, og ber að vísa henni frá dómi.

Bótakrafa Þorsteins Ingimarssonar er vegna háttsemi, sem lýst er í B 1 í ákæru. Ákærði er sýknaður af þjófnaði samkvæmt þeim kafla, og ber því að sýkna hann af bótakröfunni, en þeir munir, sem ákærði er sakfelldur fyrir hylmingu á, komust til skila.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. 50.000 kr. í saksóknarlausn, sem renni í ríkissjóð, en Guðjón Magnússon, fulltrúi ríkissaksóknara, flutti málið af hálfu ákæruvaldsins. Þá greiði ákærði verjanda sínum, Gunnlaugi Þórðarsyni hæstaréttarlögmanni, 50.000 kr. í málsvarnarlausn.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Þór Sigurðsson, sæti fangelsi í 15 mánuði, en til frádráttar refsivistinni komi 18 daga gæsluvarðhald hans.

Bótakröfu Vátryggingafélags Íslands hf. er vísað frá dómi.

Bótakröfu Sjóvá-Almennra er vísað frá dómi.

Ákærði er sýknaður af bótakröfu Þorsteins Ingimarssonar.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. 50.000 kr. í saksóknar-
laun, sem renni í ríkissjóð, og verjanda sínum, Gunnlaugi Þórðarsyni
hæstaréttarlögmanni, 50.000 kr. í málsvarnarlaun.
